



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

176. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja

29. desember 1992

Mættir: Sigríður Jóhannesdóttir, formaður, Gísli Torfason, Guðbjörg Ingimundardóttir, Guðjón Kristjánsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Ingvar Eyfjörð Jónsson, Kristbjörn Albertsson, Magnús Óskar Ingvarsson og Hjálmar Árnason, skólameistari.

Dagskrá:

1. Innritunargjöld.
2. Akstur nemenda.
3. Bréf til nemenda - agamál.
4. Skoðanakönnun NFS.
5. Sónaráætlun FS.
6. Starfsmenntabrautir.
7. Sumarskóli.
8. Brautskráning.

1. Innritunargjöld.

Skv. nýsamþykktum fjárlögum er FS gert að innheimta skólagjöld af nemendum, kr. 1.500 pr. önn. Nemendur fengu viðvörun um að þetta gæti gerst með giróseðli fyrir innritunargjöldum, sem sendur var út í byrjun desember s.l. Fulltrúi nemenda harmar þessa ákvörðun og skólanefnd tekur undir.

2. Akstur nemenda.

Borist hefur erindi frá menntamálaráðuneytinu þar sem mælt er með eftirfarandi viðmiðunarreglum vegna aksturs nemenda í framhaldsskólum:

1. Nemendur greiði ekki lægra en kr. 8.000 fyrir farkort sem gildir fyrir eina önn.
2. Stilla skal ferðum í hóf.
3. Engar nýjar aksturleiðir verði teknar upp.
4. Þeir nemendur sem eiga heima í akstursleiðum fá ekki dreifbýlisstyrk.

Kostnaður NFS vegna rútuférða var einnig til umræðu og ákveðið að afgreiða málið síðar.

3. Bréf til nemenda - agamál.

Skólastjórn FS hefur ákveðið nýjar vinnureglur og hertan húsaga. Nemendur, sem mæta illa eða stunda ekki nám sem skyldi, fá aðvörunarbréf og eru sendir til skólaráðgjafa eða námsferlisstjóra þegar þurfa þykir og gefinn kostur á að bæta ráð sitt. Ef þeir taka sig ekki á fá þeir ekki inngöngu í skólann næstu önn á eftir. Og þeir sem ekki ná tilskildum einingafjölda á önn eða hafa fallið oftar en tvisvar í sama áfanga þurfa að sækja sérstaklega um undanþágur til skólaráðs til að fá að halda áfram námi. Tugur nemenda fær að þessu sinni ekki inngöngu í skólann skv. þessum reglum, tveir tugir þurfa að sækja um undanþágur og nokkrir tugir fengu aðvörunarbréf.

4. **Skoðanakönnun NFS.**

Ingvar Eyfjörð sagði frá skoðanakönnun NFS og skýrði frá fjárhagsstöðu stjórnarinnar við lok haustannar. Hagnaður verður notaður til að greiða niður fyrirhugaða starfsdaga á vorönn. Nemendur eru mjög ánægðir með aðstöðuna sem skapast hefur í skólanum með nýbygginunni. Ánægja er með störf stjórnarinnar og störf gjaldkera þykja til fyrirmyndar.

5. **Sóknaráætlun FS.**

Fyrirhugað er að halda áfram á þessari önn störfum að sóknaráætlun FS og snúa sér nú meira að innra starfi. Skipuleg vinna hefst strax 5. janúar 1993. Ákveðið að senda nefndarmönnum gögn sem þegar liggja fyrir með fundargerð þessari.

6. **Starfsmenntabrautir.**

Verkefni FS og Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja við að hanna starfstengt nám var kynnt. Undirtektir hjá fulltrúum atvinnulífsins hafa verið með eindæmum góðar. Fyrirhugað er að halda ráðstefnu snemma á næsta ári og kynna málið. Þetta starf hefur verið unnið fyrir styrk frá ráðuneytinu.

7. **Sumarskóli FS.**


Guðbjörg ræddi hugmynd um sumarskóla við FS, skólameistara falið að kanna undirtektir sveitarfélaganna og ráðuneytis.


8. **Brautskráning H92.**

20. desember s.l. fór fram brautskráning nemenda frá FS. Athöfnin var haldin í fyrsta sinni í sal skólans og fór fram með hefðbundnum hætti. Karlakór Keflavíkur söng undir stjórn Sigvalda Snæs Kaldalóns og undirleik Ragnheiðar Skúladóttur. 52 nemendur hlutu prófskírteini, þar af voru 7 vélaverðir, 9 af tæknisviði, 4 sjúkraliðar, 4 af bóknámsbrautum og 28 stúdentar. Sigurður Erlendsson var kvaddur og þökkun störf í þágu skólans, en hann lætur af störfum fyrir aldurs sakir. Leifur Leifsson afhenti skólanum peningagjöf fyrir hönd foreldra sinna og systkina til minningar um Elísabetu Leifsdóttur.

Störf hefjast að nýju 5. janúar með kennarafundi, stundatöflur verða afhentar þann 7. og kennsla hefst 11. janúar.

Fleira ekki gert og fundi slitið


Sigrður Jóhannesdóttir,
formaður.


Hulda Björk Þorkelsdóttir,
fundarritari.

Suðurnesjum í lok árs 1992

Til nemenda Fjölbrauatskóla Suðurnesja.

Í bréfi sem fylgdi gíróseðli vegna innritunargjalda fyrir vorönn 1993 voru nemendur varaðir við hugsanlegri viðbótarupphæð, kr. 1500, til rekstrar skólans. Nú hefur Alþingi Íslendinga ákveðið að sérhver framhaldsskóli skuli innheimta þetta gjald af nemendum sínum. Því fylgir gíróseðill fyrir þeirri upphæð bréfi þessu. Stundaskrár verða ekki afhentar nema greiðsla hafi farið fram.

Virðingarfyllst,

Hjálmar Árnason,
skólameistari.

E.s. Stundaskrár verða afhentar 7. og 8. janúar 1993. Bóksala hefst þann 7. janúar.

Allir nemendur skólans eru boðaðir á sal föstudaginn 8. janúar 1993 kl. 10. Rútuferðir verða í tengslum við þá athöfn.
Hjá.